

SAMÞYKKT

**um gatnagerðargjald, stofngjald fráveitu og byggingarleyfis-
og þjónustugjöld í Sveitarféluginu Skagafirði.**

I. KAFLI **Almennt.**

1. gr.

Almenn heimild til álagningar.

Af öllum nýbyggingum og viðbyggingum í þéttbýli í Sveitarféluginu Skagafirði skal greiða gatnagerðargjald samkvæmt samþykkt þessari, sbr. 12. gr. laga um gatnagerðargjald nr. 153/2006. Einnig skal greiða vegna sömu framkvæmda tengigjald holræsa skv. lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998. Byggingarleyfisgjald, afgreiðslu- og þjónustugjöld skal greiða samkvæmt samþykkt þessari í samræmi við lög um mannvirkni nr. 160/2010.

Fjárhæðir í samþykkt þessari taka breytingum 1. dag janúarmánaðar hvers árs í samræmi við breytingu á byggingarkostnaði vísitöluhússins. Grunnvítsalan í nóvember 2020 er 148,4 stig. Byggingarkostnaður vísitöluhússins 231.903 kr./m².

II. KAFLI **Gatnagerðargjald.**

2. gr.

Ráðstöfun gatnagerðargjalds.

Gatnagerðargjaldi skal varið til gatnagerðar í sveitarféluginu og viðhalds gatna og annarra gatnamannvirkja.

3. gr.

Gjaldstofn gatnagerðargjalds.

Stofn til álagningars gatnagerðargjalds er fermetrafjöldi byggingar á tiltekinni lóð. Gjaldstofninn er ákveðinn á eftirfarandi hátt:

- Þegar sveitarfélagið úthlutar eða selur lóð eða byggingarrétt á lóð er gatnagerðargjald lagt á í samræmi við fermetrafjölda þeirrar byggingar sem heimilt er að reisa á viðkomandi lóð samkvæmt gildandi deiliskipulagi.
- Þegar gatnagerðargjald verður ekki lagt á skv. a-lið, eða ef byggingarleyfi er veitt fyrir stærri byggingu en álagning skv. a-lið var upphaflega miðuð við, er við útgáfu byggingarleyfis lagt á gatnagerðargjald í samræmi við fermetrafjölda þeirrar byggingar sem byggingarleyfi tekur til.

Við álagningu skv. b-lið 2. mgr. skal miða við stærð húss samkvæmt samþykktum uppdráttum og ÍST 50.

4. gr.

Útreikningur gatnagerðargjalds.

Af hverjum brúttófermetra húss greiðist ákveðinn hundraðshlutu byggingarkostnaðar pr. fermetra í vísitöluhúsi fjölbýlis, eins og hann er hverju sinni samkvæmt útreikningum Hagstofu Íslands á grundvelli laga nr. 42/1987. Allar fjárhæðir í þessari samþykkt taka breytingum 1. dag janúarmánaðar ár hvert í samræmi við breytingu á byggingarkostnaði vísitöluhússins. Gjald skal tilgreint í heilum krónum.

Hundraðshlutu byggingarkostnaðar ákvarðast eftir hústegund svo sem hér segir:

1. Einbýlishús með eða án bílgeymslu	9,5%
2. Parhús, raðhús, tvíbýlishús og keðjuhús	8,9%
3. Fjölbýlishús með eða án bílgeymslu	4,0%
4. Hótel, verslunar-, þjónustu-, iðnaðar- og annað húsnæði	5,5%
5. Hesthús og önnur gripahús í þéttbýli	3,0%

Til flokks 4, Verslunar-, þjónustu-, iðnaðar- og annað húsnæði, teljast allar stofnana- og þjónustubyggingar, íþróttamannvirki, geymslur, iðnaðarhúsnæði, ferðaþjónustuhúsnæði og annað húsnæði sem ekki fellur undir aðra liði greinarinnar.

Til flokks 5, Hesthús og önnur gripahús í péttbýli, teljast hlöður, reiðskemmur, minkaskálar og annað húsnæði sem tengist búfjárhaldi.

Þegar veitt er byggingarleyfi fyrir endurbyggingu, breytingu eða breyttri notkun húsnæðis þannig að hún færst í hærri gjaldflokk, sbr. 1. mgr., skal greiða gatnagerðargjald sem svarar til mismunrar hærri og lægri gjaldfloksins. Lóðarhafi, eða byggingarleyfishafi þar sem það á við, á ekki rétt á endurgreiðslu ef bygging færst í lægri gjaldflokk við slíka breytingu.

5. gr.

Undanþágur frá greiðslu gatnagerðargjalds.

Undanþegnar greiðslu gatnagerðargjalds eru eftirtaldar byggingar:

- Lagnakjallarar og aðrir gluggalausir kjallarar, sem aðeins er gengið í innan frá.
- Óeinangruð smáhýsi, minni en 15 m².
- Svalaskýli íbúðarhúsa, ef svalaskýlin eru minni en 15 m² vegna hverrar íbúðar.
- Vegna stækunar á íbúðarhúsi sem er a.m.k. 15 ára skal greiða 40% af gatnagerðargjaldi.

6. gr.

Heimild til lækkunar eða niðursellingar gatnagerðargjalds.

Sveitarstjórn getur lækkað eða fellt niður gatnagerðargjald af einstökum lóðum í sveitarfélagini við sérstakar aðstæður, sbr. ákvæði 6. gr. laga um gatnagerðargjald nr. 153/2006.

7. gr.

Eldri samningar og skilmálar um gatnagerðargjald.

Um samninga um gatnagerðargjald af tilteknum lóðum, sem lóðarhafar eða lóðareigendur hafa gert við sveitarfélagið fyrir gildistöku samþykktar þessarar, svo og skilmálar varðandi gatnagerðargjald, sem sveitarstjórn hefur sett fyrir sömu tímamörk og lóðarhafi og lóðareigandi hefur undirgengist, fer eftir gjaldskrá um gatnagerðargjald í Sveitarfélagini Skagafirði frá þeim tíma sem samningar voru gerðir.

8. gr.

Áfangaskipti framkvæmda.

Í þeim tilvikum þegar lóðarhafi hyggst byggja hús, annað en íbúðarhús, í áföngum, getur sveitarstjórn heimilað slíka áfangaskiptingu og þá skal gatnagerðargjald hverju sinni greiðast samkvæmt þeirri samþykkt sem í gildi er þegar byggingarleyfi hvers áfanga er útgefið.

Umsekjandi skal taka það sérstaklega fram í lóðarumsókn að hann ætti að reisa fyrirhugað mannvirki í áföngum og hvenær hann hyggst hefja framkvæmdir á sérhverjum byggingaráfanga.

Verði heimiluð áfangaskipti falla áætluð gjöld í gjalddaga við upphaf hvers byggingaráfanga í samræmi við áform lóðarhafa við úthlutun lóðarinnar.

III. KAFLI

Tengigjald fráveitu.

9. gr.

Stofngjald.

Stofngjald holræsa fyrir einbýlishúsalóð er kr. 310.000. Fyrir aðrar lóðir greiðist kr. 400.000 á hverja tengingu við fráveitukerfi sveitarfélagsins.

**IV. KAFLI
Byggingarleyfisgjöld.**

10. gr.

Flokken bygginga og gjaldskrá.

Samkvæmt gjaldskrá þessari skal greiða byggingarleyfisgjald fyrir útgáfu á byggingarleyfi sem byggingarfulltrúi veitir.

Innifalið í byggingarleyfisgjaldi er ein yfirferð aðaluppdrátta, samþykkt byggingaráforma og útgáfa byggingarleyfis, útmæling fyrir greftri, hæðarsetning og útsetning lóðar, áfangaúttektir, og vottorð um öryggis- og lokaúttekt.

Fyrir byggingarleyfi nýrra húsa, viðbygginga, breytinga húsa, verulegra breytinga innan lóða og samþykki fyrir breytri notkun greiðist fast gjald kr 60.000. Að auki greiðist fyrir hvern fermetra nýbygginga og viðbygginga skv. eftirfarandi:

Ibúðarhúsnæði, verslanir, skrifstofur	kr. 515 pr. m ² brúttó
Sólstofur, garðhús, heimilisgróðurhús	kr. 460 pr. m ² brúttó
Iðnaðarhús, virkjanir, geymslur og vélageymslur	kr. 575 pr. m ² brúttó
Gróðurhús, landbúnaðarbyggingar, minka- og refaskálar, tankar, þrær o.s.frv.	kr. 320 pr. m ² brúttó
Hótel, ferðajónustuhús, frístundahús, veiðihús, fjallaskálar o.s.frv.	kr. 1.035 pr. m ² brúttó
Stöðuleyfi; gámar, hús, bátar, hjólhýsi, sumarhús, söluvagnar o.fl.	kr. 45.000 pr. einingu
Stöðuleyfi er að jafnaði veitt til eins árs.	

**V. KAFLI
Afgreiðslu- og þjónustugjöld.**

11. gr.

Gjaldskrá.

Greiða skal fyrir þjónustu og leyfisveitingu sem byggingarfulltrúi veitir umfram þá sem innifalin er í byggingarleyfisgjaldi:

Afgreiðslugjald og endurnýjun leyfis án breytinga	kr. 25.000
Yfirferð eignaskiptayfirlýsinga, 2 til 4 eignir í húsi	kr. 28.000
Yfirferð eignaskiptayfirlýsinga, 5 eða fleiri eignir í húsi	kr. 42.000
Endurtekin yfirferð á eignaskiptayfirlýsingu	kr. 12.500
Úttekt vegna byggingarstjóraskipta	kr. 25.000
Endurtekning lokaúttektar	kr. 25.000
Stöðuúttekt	kr. 25.000
Vottorð, önnur en þau sem fram koma í gjaldskrá	kr. 25.000
Húsaleiguúttektir	kr. 45.000
Fyrir hverja aukaútsetningu lóðar/húss; pr. mælingu	kr. 30.000
Afgreiðslugjald vegna tilkynningarskyldra framkvæmda	kr. 50.000
Afgreiðslugjald húsa sem eru byggð á iðnaðar- eða skólalóðum og ætluð til flutnings úr héraði	kr. 70.000

Útprentun uppdráttu: A0: 950 kr./blað, A1: 700 kr./blað, A2: 350 kr./blað A3: 120 kr./blað.

Heimilt er að leggja aukagjald á umsækjanda vegna aðkeyptrar vinnu skv. útlögðum kostnaði.

Heimilt er að innheimta tímajald kr. 12.500 pr. klst. vegna vinnu byggingarfulltrúa sem ekki er skilgreind í gjaldskrá og vinnu sem er veruleg umfram gjaldskrá.

**VI. KAFLI
Greiðsluskilmálar, lögveðsréttur og endurgreiðslur.**

12. gr.

Greiðsluskilmálar.

Gatnagerðargjald skv. 4. gr., tengigjöld frá veitu skv. 9. gr. og byggingarleyfisgjöld skv. 10. gr. skal greiða innan mánaðar frá veitingu byggingarleyfis, ella öðlast leyfi ekki gildi. Heimilt er að semja um greiðslufrest og skal það gert skv. sérstökum greiðslusamningi. Þjónustugjöld skv. 11. gr. skal greiða innan mánaðar frá því að þjónustan var veitt.

Nr. 1368

17. desember 2020

13. gr.

Ábyrgð á greiðslu gatnagerðargjalds. Lögveðsréttur.

Lóðarhafi leigulóðar og eigandi eignarlóðar ber ábyrgð á greiðslu gatnagerðargjalds.

Gatnagerðargjald er ásamt áföllnum vöxtum og kostnaði tryggt með lögveðsrétti í viðkomandi fasteign með forgangsrétti fyrir hvers konar samningsveði og aðfararveði.

14. gr.

Endurgreiðsla gatnagerðar-, fráveitu- og byggingarleyfisgjalds.

Gjöld samkvæmt 4., 9. og 10. gr. samþykktar þessarar skulu endurgreidd ef lóðarhafi skilar úthlutaðri lóð eða ef lóðarúthlutun er afturkölluð. Hafi útsetning skv. byggingarleyfi ekki farið fram og framkvæmdir ekki hafist getur umsækjandi fengið helming byggingarleyfisgjalda skv. 10. gr. endurgreiddan. Þar með fellur byggingarleyfi niður. Endurgreiðslu vegna 4., 9. og 10. gr. er heimilt að fresta þar til lóð hefur verið úthlutað að nýju og en þó ekki lengur en 90 daga. Gjöld þessi skulu endurgreidd á nafnverði án verðbóta og vaxta og skuldaviðurkenningar skulu ógiltar á sannanlegan hátt. Ekki koma til bætur vegna hugsanlegra framkvæmda á lóðinni.

þjónustugjöld samkvæmt 11. gr. eru óendurkræf.

Um endurgreiðslu fer að öðru leyti skv. 9. gr. laga um gatnagerðargjald nr. 153/2006.

VII. KAFLI
Gildistaka.

15. gr.

Samþykkt þessi er sett af sveitarstjórn Sveitarfélagsins Skagafjarðar, 16. desember 2020 skv. heimild í lögum nr. 153/2006 um gatnagerðargjald.

Samþykktin öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli.

Jafnframt fellur úr gildi samþykkt sama efnis nr. 1235/2016.

Sauðárkróki, 17. desember 2020.

Sigfús Ingi Sigfússon sveitarstjóri.

B-deild – Útgáfud.: 28. desember 2020